

Miðvikudaginn 3. febrúar 1960.

Nr. 85/1959. **Valdstjórnin** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Helga Guðjóni Guðmundssyni

(Kristján Guðlaugsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Theodór B. Líndal og Einar
Arnalds borgardómari.**

Svipting sjálfræðis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt sakavottorði, sem lagt hefur verið fram hér fyrir dómi, hefur stefndi á árinu 1959 verið sektaður ellefu sinnum fyrir ölvun. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Helgi Guðjón Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars J. Möllers og Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara og
prófessors Theodórs B. Líndals.**

Mál þetta er einkamál, sem sætir afbrigðilegri meðferð samkvæmt 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951 um héraðsdóm-

ara í opinberum málum taka því ekki til máls þessa, og ber slík mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943. Samkvæmt þessu teljum við, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadóminum. En þar sem meiri hluti dómenda féllst ekki á ómerkingu dómsins, munum við samkvæmt 47. gr. laga um Hæstarétt nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 26. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sjálfræðissviptingarmálinu: Valdstjórnin gegn Helga Guðjóni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað gegn Helga Guðjóni Guðmundssyni, bifvéla-virkja, heimilislausum, f. 4. júní 1898 á Rauðkollsstöðum í Eyjahreppi, til sviptingar sjálfræðis hans, svo og greiðslu málskostnaðar.

Með bréfi, dagsettu 8. maí 1957, fór faðir Helga Guðjóns, Guðmundur Benjamínsson, fyrrverandi bóndi á Grund í Kolbeinsstaðahreppi og þar til heimilis, þess á leit við sakadómarann í Reykjavík, að Helgi Guðjón yrði sviptur sjálfræði sakir ofdrykkju í því skyni að unnt yrði að vista hann á hæli til lækninga.

Málið var samdægurs tekið til rannsóknar í sakadómi Reykjavíkur. Þegar rannsókn málsins var komin á lokastig, var beiðnin um sjálfræðissviptinguna afturkölluð, enda fór Helgi Guðjón sjálfviljugur á drykkjumannahæli (Akurhól) í júní 1957. Málið lá niðri þar til haustið 1958, að faðir Helga Guðjóns endurnýjaði beiðni sína um sjálfræðissviptingu sonar síns með bréfi, dagsettu 23. september 1958.

Rannsókn málsins leiddi eftirfarandi í ljós:

Helgi Guðjón skildi við konu sína fyrir nokkrum árum. Þau hjón áttu saman 4 börn, sem öll eru nú af barnsaldri. Hann hefur lengi verið vinnhneigður, og fer drykkjuskapur hans vaxandi. Hann hefur einu sinni gisti drykkjumannahælið á Akurhóli, sem fyrr segir. Auk þess hefur hann dvalið á Bláa bandinu, hér í bæ, nokkrum sinnum sér til lækninga við drykkjufýsninni, en án árangurs. Árin 1956 og 1957 dvaldist hann fimm sinnum á Bláa bandinu, samtals 87 daga, og á Akurhól var hann frá 15. júní til

25. ágúst 1957. Lagt var fram vottorð Þórðar Möller, læknis á Kleppi, dagsett 3. júní 1957, og annað vottorð, dagsett 13. nóvember 1958. Eldra vottorðið hljóðar svo:

„Að gefnu tilefni vottast það, að Helgi Guðmundsson, f. 4/6 '98, síðast til heimilis að Vatnsnesveg 34, Keflavík, hefur dvalizt sem sjúklingur hér í Hjúkrunarstöð Bláa Bandsins í fimm skipti, síðan hún tók til starfa, um lengri eða skemmri tíma. Að því er séð verður á dagbókum, virðist hann vera alkóhólisti á mjög háu stigi og mikil þörf á því, ef hægt væri, að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá úr því bætt, jafnvel þó það yrði að kosta hann lög-ræðissviptingu, sé ekki annars úrkosta“.

Yngra vottorðið er á þessa lund:

„Helgi Guðmundsson, f. 4/6 '98, bifvélavirki, hefur undanfarin ár verið drykkjusjúklingur á háu stigi. Hefur hann verið marg-oft á Bláa Bandinu undanfarin ár og tvívegis farið þaðan án leyfis. Hann hefur verið í Gunnarsholti, en ekki tollað þar nema takmarkaðan tíma í senn og yfirleitt aldrei enzt til þess að gera nein-ar róttækar aðgerðir.

Virðist full ástæða til þess að grípa til hinna róttækustu ráð-stafana, ef unnt yrði á þann hátt að bjarga honum úr þessum vesaldómi.“

Helgi Guðjón virðist hafa unnið af og til þrátt fyrir drykkju-skapinn, en heldur stopult. Lögð voru fram skattframtöl hans árin 1957 og 1958. Samkvæmt þeim voru tekjur hans árið 1956 kr. 12.885.00 og árið 1957 kr. 13.983.00. Lögreglan hefur marg-sinnis þurft að hafa afskipti af Helga Guðjóni sakir ölvunar hans. Þannig hefur hann árin 1920 — en þá fær hann fyrst sekt fyrir ölvun á almannafæri — til 1958 hlotið 43 sinnum ölvunarsektir, frá kr. 25.00 til kr. 500.00 hvert sinn. Auk þess hefur lögreglan þurft að hafa miklu oftari afskipti af honum vegna ölvunar hans, þótt ekki hafi það leitt til sekta.

Helgi Guðjón hefur einu sinni þurft að leita á náðir hins opin-bera um framfærslustyrk, kr. 1000.00, sem hann fékk í nóvember-mánuði s.l., til að greiða húsaleigu og framfæra sig í nokkra daga, að því er hermir í vottorði framfærslufulltrúa Reykjavíkurbæjar, dagsettu 13. nóvember 1958.

Helgi Guðjón mótmælti sjálfræðissviptingarbeiðninni. Hann kvaðst að vísu vera drykkjumaður, en hann lægi ekki upp á öðr-um um framfæri sitt.

Með skírskotun til þess, sem rakið er hér að framan, er það sannað, að Helgi Guðjón sé ofdrykkjumaður, sem af þeim sökum

hafi raskað þráfaldlega opinberum hagsmunum og hafi orðið að leita á náðir hins opinbera um framfærslustyrk. Það ber því að taka framkomna kröfu um sjálfræðissviptingu til greina samkvæmt 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði og svipta Helga Guðjón sjálfræði sínu.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að Helgi Guðjón greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Dómsorð:

Helgi Guðjón Guðmundsson bifvélavirki, heimilislaus, f. 4. júní 1898 á Rauðkollsstöðum í Eyjahreppi, er sviptur sjálfræði sínu. Hann greiði allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., að fjárhæð kr. 1000.00.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1960.

Nr. 78/1959. **Samtrygging íslenzkra botnvörpunga**
(Sveinbjörn Dagfinnsson hdl.)
gegn
Íslenzkum endurtryggingum
(Gísli Ísleifsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Greiðsla með erlendri mynt. Deilt um gengi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1959. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum £ 10-15-3 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-